



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Borgarlögmaður

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands og áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um heildarkostnað varðandi kærúmal vegna útboða síðastliðin fimm ár**

Á fundi borgarráðs hinn 2. mars 2023 kom fram eftirfarandi fyrirspurn frá borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands og áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna:

*Hver er heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna kærumála fimm ár aftur í tímann vegna útboða?*

*Óskað er eftir yfirliti yfir útboðsmálin og kostnað við hvert mál, skipt eftir árum.*

*Eins er óskað eftir því að yfirlitið nái yfir félög í eigu Reykjavíkurborgar.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar borgarlögmanns með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. mars 2023.

Hjálagt er yfirlit yfir öll mál hjá kærunefnd útboðsmála, sem borgarlögmanni er kunnugt um, þar sem Reykjavíkurborg eða félög innan samstæðu Reykjavíkurborgar hafa átt aðild frá árinu 2018 til dagsins í dag.

Óskað er eftir upplýsingum um hver heildarkostnaður Reykjavíkurborgar er af kærumálum umrædd ár. Í því samhengi er rétt að geta þess að borgarlögmaður fer með fyrirvar Reykjavíkurborgar fyrir kærunefnd útboðsmála og gæta lögmenn embættisins hagsmuna Reykjavíkurborgar fyrir nefndinni. Við þá hagsmunagæslu afla þeir og reiða sig á upplýsingar frá öðru starfsfólki Reykjavíkurborgar. Ekki er unnt að segja til um kostnað vegna vinnu lögmanna borgarlögmanns eða annars starfsfólks Reykjavíkurborgar við kærumálin í krónum þar sem þau fá greidd laun fyrir vinnu sína sem ekki er hægt að sundurgreina eftir málum. Enginn beinn útlagður kostnaður leiðir því af hagsmunagæslu Reykjavíkurborgar fyrir nefndinni á tímabilinu. Þá er heldur ekki unnt að tilgreina á tímabilinu í krónum kostnað af tölum sem kærur á útboðsferlum hafa í för með sér en oftast en ekki leiða þær til þess að samningsgerð og þ.a.l. verkefni tefjist um fleiri mánuði sem kann að leiða af sér aukinn kostnað Reykjavíkurborgar. Beinn kostnaður Reykjavíkurborgar vegna mála fyrir kærunefnd útboðsmála sem ótvírætt hægt er að tiltaka í krónum er því málskostnaður og stjórnvaldssektir sem Reykjavíkurborg hefur verið úrskurðuð til að greiða sem og skaðabætur til kæranda mála er samið hefur verið um. Sá kostnaður er tilgreindur í hjálögðu yfirliti frá 2018 til dagsins í dag.

Borgarlögmaður fer almennt ekki með fyrirvar í málum dótturfélaga Reykjavíkurborgar. Undirrituðum er því ekki kunnugt um hver kostnaður dótturfélaganna af hagsmunagæslu fyrir kærunefndinni var á tímabilinu eða vegna hugsanlegra skaðabóta enda liggja þær upplýsingar ekki fyrir hjá Reykjavíkurborg. Hjálagt yfirlit er því sett fram með þeim fyrirvara.

f.h. borgarlögmanns

Theódór Kjartansson lögmaður

Hjálagt:

Yfirlit yfir mál Reykjavíkurborgar og dótturfélaga fyrir kærunefnd útboðsmála árin 2018-2023.